


Tobii Dynavox SC Tablet

Notandahandbók



Notandahandbók Tobii Dynavox SC Tablet

Útgáfa 1.0.5

09/2022

Allur réttur áskilinn.

Copyright © Tobii AB (publ)

Ekki má afrita nokkurn hluta af þessu skjali, geyma það í endurheimtakerfi, eða senda í nokkru formi, með nokkrum leiðum (rafrænum, ljósritun, upptöku eða á annan hátt) án þess að vera með skriflegt leyfi frá útgefanda.

Höfundarréttarvernd nær yfir öll form og efni höfundarréttarvarinna efna og upplýsinga sem gildandi lög leyfa eða eiga eftir að leyfa, þ.m.t. án takmarka, efni sem kemur frá hugbúnaðinum sem sést á skjánum svo sem skjámyndir, valmyndir o.s.frv.

Upplýsingarnar í þessu skjali eru í eigu Tobii Dynavox. Hverskonar endurgerð að hluta eða í heilu lagi án fyrra skriflegs samþykkis Tobii Dynavox er óleyfileg.

Vörur sem er vísað til í þessu skjali geta verið annað hvort vörumerki og/eða skráð vörumerki viðkomandi eigenda.

Útgefandi og höfundur gera ekki tilkall til þessara vörumerkja.

Þó að allrar varfærni hafi verið gætt við undirbúning þessa skjals, taka útgefandi og höfundur enga ábyrgð á villum eða yfirsjónum, eða á tjóni sem verður til af notkun upplýsinga í þessu skjali eða af notkun forrita eða forritunarkóða sem gæti fylgt með því. Útgefandi og höfundur bera enga skaðabótaskyldu vegna tapaðs hagnaðar, eða nokkurs annars viðskiptalegs taps sem orsakast af eða er talið hafa orsakast beint eða óbeint af þessu skjali.

Efni getur breyst án fyrirvara.

Vinsamlegast athugaðu vefsíðu Tobii Dynavox

www.TobiiDynavox.com fyrir uppfærðar útgáfur af þessu skjali.

Tengiliðaupplýsingar:

Tobii Dynavox AB
Karlsrovägen 2D
182 53 Danderyd
Sweden

+46 8 663 69 90

Tobii Dynavox LLC
2100 Wharton Street, Suite 400
Pittsburgh, PA 15203
USA

+1-800-344-1778

Tobii Dynavox Ltd.
Sheffield Technology Parks
Cooper Buildings
Arundel Street
Sheffield S1 2NS
Bretland

+46 8 663 69 90

TingDao Electronics Science & Technology (Suzhou) Co., LTD
Unit 11/12, Floor 3, Building B, No.5 Xinghan Street, SIP, Suzhou
P.R.China 215021

+86 512 69362880

- SC Tablet Auðkenni tækis: 7340074601806



Efnisyfirlit

1	Kynning	5
1.1	Útskýringar á viðvörðunum	5
1.2	Tákn og merkingar	5
1.3	Ætluð notkun	6
1.4	Innihald pakka	6
2	Öryggi	7
2.1	Varist varanlega heyrnarskemmdir	7
2.2	Rafmagn og rafhlöður	7
2.3	Hiti	8
2.4	Uppsetning	8
2.5	Neyð	9
2.6	Rafmagn	9
2.7	Öryggi barna	9
2.8	Segulsvið	9
2.9	Þriðji aðili	9
3	Yfirlit um SC Tablet	10
3.1	Lykilatriði	10
3.2	Uppsetning vöru	11
3.2.1	Tengi og tækjahnappar	11
3.3	Aðgangsaðferðarveljari	12
3.4	Foruppsettur fastbúnaður	13
4	Rafhlöður í SC Tablet	14
4.1	Rafhlöður	14
4.2	Hleð SC Tablet	14
4.2.1	Hleðsluljós (Power LED) hegðun	14
5	SC Tablet er í notkun	15
5.1	Veljið réttu stöðu á aðgangsaðferðarveljaranum fyrir notandann	15
5.2	Kveiki á tækinu	15
5.3	Setjið upp iPadinn [®] og parið með Bluetooth [®]	16
5.4	Aftengið Bluetooth [®] tenginguna	16
5.5	Staða rafhlöðu og orkusparsemi	16
5.6	Stilli hljóðstyrkinn	17
5.7	Stilli hljóðið	17
5.8	Rofar	17
5.9	iPad	17
6	Umhirða vöru	18
6.1	Hiti og rakastig	18
6.1.1	Almenn notkun - notkunar hitastig	18
6.1.2	Flutningur og geymsla	18
6.1.3	Hleður	18
6.2	Hreinsun á SC Tablet tækinu	18
6.3	Uppstilling	18
6.4	Flutningur á SC Tablet	18
6.5	SC Tablet tækinu fargað	19
6.6	Rafhlöðunum fargað	19

Viðauki A	Stuðningur, ábyrgð, þjálfunargögn	20
A1	Notendapjónusta.....	20
A2	Ábyrgð	20
A3	Þjálfunargögn	20
Viðauki B	Fylgni upplýsingar	21
B1	FCC yfirlýsing	21
B1.1	Fyrir part 15B búnað.....	21
B1.2	Fyrir flytjanlegan búnað	21
B2	Iðnaður í Kanada yfirlýsing.....	21
B3	CE yfirlýsing	22
B4	Tilskipanir og staðlar.....	22
Viðauki C	Tæknilýsingar	23
C1	SC Tablet	23
C2	Sprennubreytir	23
Viðauki D	Samþykktur aukabúnaður	24
Viðauki E	Staðbundnir vottunarsamstarfsaðilar	25

1 Kynning

Takk fyrir að kaupa SC Tablet frá Tobii Dynavox!

Til að tryggja hámarks frammistöðu þessarar vöru skaltu taka þér tíma til að lesa þennan leiðarvísir vandlega.

SC Tablet er Tobii Dynavox talfylgihlutur ætlaður til notkunar með 10.2" iPad® sem aukið samskiptatæki og fyrir tölvuaðgang fyrir þá sem eru með mál-, tungumála-, líkamlega og vitsmunalega skerðingu.



Lesið og fylgið öllum öryggis, ábyrgðar, og reglugerðarupplýsingum frá Apple í tengslum við iPad® innifalið með SC Tablet.

1.1 Útskýringar á viðvörðunum

Í þessum leiðarvísi notum við fimm (5) stig viðvarana eins og lýst er hér:



Athugið táknið er notað til að tilkynna notanda um eitthvað mikilvægt eða að eitthvað þurfi að að gæta sérstaklega að.



Aðvörðun táknið er notað til að upplýsa um eitthvað sem gæti valdið skaða eða bilun í búnaðinum.



Varúð táknið er notað til að upplýsa um eitthvað sem gæti mögulega valdið notandanum skaða ef viðvörðunin er hunsuð.



Hár hljóðstyrkur táknið er notað til að upplýsa um eitthvað sem gæti valdið heyrnarskaða.



Hár hiti táknið er notað til að upplýsa um yfirborðshita aðstæður sem gætu valdið áverkum eða óþægindum.

1.2 Tákn og merkingar

Þessi hluti gefur upplýsingar um tákn sem eru notuð á SC Tablet, fylgihlutum eða umbúðum.

Tákn eða merkingar	Lýsing
	Öryggisflokkur II tvöfalt einangrað tæki.
	Fargaðu þessu í samræmi við reglur í búsetulandi þínu.
	CE er skammstöfun Evrópubandalaganna og þetta merki segir tollvörðum í Evrópusambandinu að varan uppfylli eina eða fleiri EB tilskipanir.
	UKCA (UK Conformity Assessed) merking er bresk vörumerking sem er notuð fyrir vörur sem eru settar á markað í Bretlandi (Englandi, Wales og Skotlandi). Það nær yfir flestar vörur sem áður þurftu CE-merkingu.
	Þetta merki er gæðamerki sem notað er á rafeindavörur sem eru framleiddar eða seldar í Bandaríkjunum sem vottar að rafsegultruflun frá tækinu sé undir hámarki frá Federal Communication Commission.
	Fylgdu notkunarleiðbeiningum

Tákn eða merkingar	Lýsing
	Ástralska raftækja öryggiskerfa regluverndarmerki
	Tilskipun um að draga úr spilliefnum
+	Hækka hljóðstyrk.
-	Lækka hljóðstyrk.
	Framleiðandi.
	Tilvísunarnúmer.
	Raðnúmer.

1.3 Ætluð notkun

Þegar notað með viðeigandi stilltum iPad er Tobii Dynavox SC Tablet talmyndandi tæki (SGD) fyrir fólk sem á í erfiðleikum með tal vegna líkamstjóns, skerðingar eða veikinda. Tobii Dynavox SC Tablet tengist iPadinum í gegnum Bluetooth® til að virka sem hljóð úttakstæki og skiptitengistöð.

Tobii Dynavox SC Tablet er lækningatæki í flokki I.



FRÁBENDING: SC Tablet Tækið heldur ekki uppi né styður við líf.

Ef að SC Tablet bilar getur verið að notandinn geti ekki tjáð sig með því.



Ætlað fyrst og fremst fyrir notkun innandyrna

1.4 Innihald pakka



Ráðlagt er að passa upp á umbúðirnar sem komu með SC Tablet.

Ef skila þarf tækinu til Tobii Dynavox vegna ábyrgðartengdra vandamála eða viðgerðar, er betra að nota upphaflegar eða samskonar umbúðir til að flytja það í. Flestir flutningsaðilar krefjast að minnsta kosti 5 sm þykks lags af umbúðafni utan um tækið.

Athugið: Vegna reglna frá Joint Commission, þarf að farga öllu umbúðafni þ.m.t. kössum sem sendir eru til Tobii Dynavox.

Hlutirnir fyrir neðan eru innifaldir í SC Tablet pakkanum:

- 1
- 1 SC Tablet
- 1 iPad®
- TD Talk
- 1 tveggja tengja USB hleðslutæki
- 1 USB-í-USB-C rafmagnssnúra
- 1 Axlararól
- 1 Notendaleiðbeiningarskjal (prentað)
- 1 Byrjunarleiðbeiningar (prentað)
- 1 Ábyrgðarskjal

2 Öryggi

SC Tablet tækið hefur verið prufað og samþykkt þannig að það uppfylli allar tæknilýsingar og staðla sem lýst er í *Viðauki B Fylgni upplýsingar, síða 21* í þessum leiðarvísi og í *Viðauki C Tæknilýsingar, síða 23*. Engu að síður, þarftu að hafa nokkrar öryggisráðstafanir í huga til að tryggja örugga notkun SC Tablet tækisins.



Engar breytingar á þessum búnaði eru heimilaðar.



Viðgerðir á Tobii Dynavox tæki verður eingöngu framkvæmt af Tobii Dynavox eða Tobii Dynavox viðurkenndu og samþykktu viðgerðarverkstæði.



Notandinn má aldrei reyna að skipt um rafhlöðuna. Breyting á rafhlöðunni getur valdið sprengingu.



SC Tablet má ekki nota sem öryggistæki, og ekki má treysta á það ef svo skildi fara að það hætti að virka vegna rafmagnsleysis eða annarra ástæðna.



Hætta getur verið á köfnun ef litlir hlutir losna af SC Tablet tækinu.



Ólin og hleðslusnúran geta skapað kyrkingarhættu fyrir ung börn. Aldrei má skilja lítil börn eftir ein eftirlitslaus með ólinni eða hleðslusnúrunni.



Passa verður að SC Tablet tækið verði ekki fyrir rigningu eða veðurskilyrðum sem falla utan við tæknilýsingu SC Tablet tækisins.



Ung börn og fólk með vitsmunalega skerðingu ætti ekki að hafa aðgang að, eða fá að nota, SC Tablet tækið án eftirlits foreldra eða umsjónarmanna.



SC Tablet tækið skal nota af varúð þegar farið er um.

2.1 Varist varanlega heyrnarskemmdir



Varanlegar heyrnarskemmdir geta átt sér stað ef heyrnartól eða hátalarar eru notaðir með háum hljóðstyrk. Til að koma í veg fyrir þetta, ætti að stilla hljóðstyrk á öruggan styrk. Með tímanum getur þú orðið ónæmur fyrir háum hljóðstyrk sem getur þá hljómað skaplega en samt skemmt heyrn þína. Ef þú upplifir einkenni eins og suð í eyrunum, skaltu lækka hljóðstyrkinn eða hætta að nota heyrnartól. Því hærri sem hljóðstyrkurinn er því minni tíma tekur að skemma heyrnina.

Heyrnarsérfræðingar stinga upp á eftirfarandi ráðstöfunum til að vernda heyrn þína:

- Takmarkaðu tímann sem þú notar heyrnartól á miklum hljóðstyrk.
- Forðastu að hækka hljóðið til að loka á hávær umhverfishljóð.
- Lækkaðu í hljóðinu ef þú heyrir ekki í fólki tala nærri þér.

Til að setja á öruggan hljóðstyrk:

- Settu hljóðstyrkinn á lága stillingu.
- Hækkaðu hljóðið smátt og smátt þar til þú heyrir það þægilega og skýrt, án truflana.

2.2 Rafmagn og rafhlöður



Aflgjafinn verður að samræmast kröfum varðandi öryggissmáspennu (SELV) staðlinum og rafmagn með rafspennu sem er í samræmi við takmarkaða aflgjafa kröfur samkvæmt IEC60950-1.



SC Tablet tækið inniheldur endurhlaðanlega rafhlöðu. Gæði allra endurhlaðanlegra rafhlaðna minnka með tímanum. Þannig getur möguleg tímanotkun SC Tablet eftir fulla hleðslu minnkað með tímanum.



SC Tablet tækið notar Li-ion Polymer rafhlöðu.

Ef þú ert í heitu umhverfi skaltu hafa í huga að það getur haft áhrif á hleðslugetu rafhlöðunnar. Innri hiti þarf að vera á milli 0 °C/32 °F og 45 °C/113 °F þannig að hægt sé að hlaða rafhlöðuna. Ef innri hiti rafhlöðunnar fer yfir 45 °C/113 °F mun rafhlaðan ekki hlaðast.

Færðu SC Tablet tækið í svalara umhverfi til að láta rafhlöðuna hlaðast almennilega.



Látið SC Tablet tækið ekki koma nálægt eldi eða hita yfir 60 °C/140 °F. Þessar aðstæður gætu valdið því að rafhlaðan bili, hitni, það kvikni í henni eða hún springi. Athugaðu að mögulegt er, í verstu tilvikum, að hiti verði hærri en þeir sem minnst er á að ofan í, t.d., skottinu á bíl á heitum degi. Geymsla SC Tablet tækisins í heitu bílskotti gæti mögulega leitt til bilunar.



Hlaðið SC Tablet rafhlöðuna bara í stofuhita á bilinu 0 °C/32 °F til 45 °C/113 °F.



Notaðu aðeins spennubreytinn sem kemur með tækinu til að hlaða SC Tablet tækið. Ef þú notar annan spennubreyti getur það skemmt SC Tablet tækið.



Fyrir örugga notkun á SC Tablet tækinu, skaltu aðeins nota hleðslutæki og búnað sem samþykktur er af Tobii Dynavox.



Ekki opna, eða breyta, kassanum utan um SC Tablet tækið eða rafhlöðuna, þar sem þú gætir orðið fyrir hættulegu raflosti. Tækið inniheldur enga hluta sem krefjast viðhalds. Ef SC Tablet tækið eða aukabúnaðar er skemmdur, **skaltu ekki nota það**.



Ef rafhlaðan er ekki hlaðin og SC Tablet er ekki tengt við rafmagn, mun SC Tablet tækið slökkva á sér.



Ef rafmagnssnúran er skemmd þarf hæf manneskja að skipta um hana. Ekki nota rafmagnssnúruna þar til búið er að skipta um hana.



Aftengið AC rafmagnstengið úr spennubreytinum í vegginnstungunni þegar tækið er ekki í hleðslu og aftengið rafmagnssnúruna úr tækinu.



Sérstakar reglur eiga við um flutningstæki sem innihalda Li-ion Polymer rafhlöður. Ef þau detta, eru kramin, eða skammhlaup verður í þeim, geta þau losað hættuleg magn hita og kviknað getur í þeim, og þau geta verið hættuleg í eldi.

Ráðfærðu þig við IATA reglur þegar þú flytur litium málm eða litium jóna rafhlöður eða rafgeyma: http://www.iata.org/whatwedo/cargo/dangerous_goods/Pages/lithium_batteries.aspx



Spennubreytinn má ekki nota án eftirlits fullorðins eða umsjónaraðila.

2.3 Hiti



Yfirborð SC Tablet tækisins getur orðið heitt sé það notað í beinu sólskini eða í öðru heitu umhverfi.

2.4 Uppsetning



SC Tablet ætti að setja upp í samræmi við leiðbeiningar samþykktra festinga sem notaðar eru. Tobii Dynavox eða fulltrúar þess bera ekki skaðabótaábyrgð vegna skaða eða líkamstjóns á manneskju eða eignum hennar vegna þess að SC Tablet fellur niður úr uppsettri uppsetningu. Uppsetning SC Tablet er algjörlega á eigin ábyrgð eiganda.

2.5 Neyð



Ekki reiða þig á SC Tablet tækið fyrir neyðarsímtöl eða bankamillifærslur. Við ráðleggjum að hafa margar leiðir til að hafa samskipti í neyðaraðstöðum.

2.6 Rafmagn



Ekki opna kassann utan um SC Tablet þar sem þú gætir orðið fyrir hættulegu raflosti. Tækið inniheldur enga hluta sem krefjast viðhalds frá notanda.

2.7 Öryggi barna



SC Tablet er háþróað tölvukerfi og rafeindatæki. Og því er það samsett af fjölmörgum aðskildum samsettum hlutum. Barn gæti mögulega tekið suma þessara hluta af, sem gæti valdið hættu á köfnun eða annarri hættu fyrir barnið.

Ung börn ættu ekki að hafa aðgang að, eða nota, tækið án eftirlits foreldra eða umsjónarmanna.

2.8 Segulsvið



SC Tablet tækið inniheldur segla. Segulsviðið getur truflað gangráða, hjartastuðtæki, eða önnur lækningatæki. Almennt gildir að lágmarksfjarlægð sé 6 tommur (15 sentimetrar) á milli allra hluta með segli og hjartatækisins þíns.

Ef þig grunar að SC Tablet tækið sé að trufla gangráðinn þinn eða önnur lækningatæki, hættu þá að nota SC Tablet tækið og ráðfærðu þig við lækni fyrir frekari upplýsingar um tækið sem um ræðir.

2.9 Þriðji aðili



Öll notkun SC Tablet fyrir utan ætlaða notkun og ásamt hugbúnaði eða vélbúnaði frá þriðja aðila sem breytir ætlaðri notkun skapar hættu og ekkert sem Tobii Dynavox getur tekið ábyrgð á.

3 Yfirlit um SC Tablet


3.1 Lykilatriði

SC Tablet hefur fjölda af innbyggðum eiginleikum.

- 2 × innbyggða hátalara
- 2 × rofagáttir
- 1 × straum/aðgangsaðferðarveljara
- 1 × Bluetooth® útvarp
- 1 × hleðslutengi


3.2 Uppsetning vöru

3.2.1 Tenging og tækjahnappar



Skýringarmynd 3.1 Að framan og ofan

Staða	Lýsing
1	Hljóðstyrkstakki
2	Hátalarar



Skýringarmynd 3.2 Hliðarsýn

Staða	Lýsing
3	Rofagátt (2)
4	Hleðslutengi
5	Hleðsluljós (Power LED)
6	Aðgangsaðferðarveljari



Aldrei beita afli til að þrýsta tengli inn í gátt. Ef ekki er hægt að setja tengilinn fremur auðveldlega í gáttina, passa þeir líklega ekki saman. Passaðu að tengillinn passi í gáttina og að þú hafir staðsett tengilinn rétt í samræmi við gáttina.

3.3 Aðgangsaðferðarveljari

Aðgangsaðferðarveljarinn hefur þrjár (3) mismunandi stöður:

Staða	Lýsing
S	iOS skönnunarstilling — til að nota með skipta skönnunaraðgangsaðferðinni í iOS. Veldu þessa stillingu ef að þú vilt nota iOS skönnun til að leita í forritum og möppum. Stilltu á S fyrir iOS skönnun. - Nálgist öll öpp og skjöl með því að skanna. - Ekki samhæft með ákveðnum Snap Core First skönnunar eiginleikum. - Stillið skönnunarmöguleikana í iOS aðgangsstillingunum. - Til að nota iOS skönnun í Snap stillið aðgangsaðferðina á snertingu í Snap.
O	Flutningsstilling — slekkur á Bluetooth® útvarpinu.
T	Snertistilling — notað til að finna forrit og til að nota Tobii Dynavox aðgangsaðferðir (þ.m.t. skönnun) innan Tobii Dynavox forritanna. Stillið á T fyrir Snap skönnun og aðrar Tobii Dynavox aðgangsaðferðir. - Best fyrir notendur sem eru óvanir skönnun. - Sérstíðið með Snap skönnunareiginleika eins og hópskönnun, heyrnartákn og dvalartíma. - Skönnun takmarkast við Snap og önnur Tobii Dynavox aðgengileg forrit. Ekki er hægt að skanna hluti utan Tobii Dynavox aðgengilegum forritum. - Árangursríkasta skönnunin í Snap og öðrum aðgengilegum forritum.

3.4 Foruppsettur fastbúnaður

SC Tablet kemur með öllum fastbúnaði sem krafist er og er tilbúinn til notkunar.

4 Rafhlöður í SC Tablet

4.1 Rafhlöður

SC Tablet inniheldur tvær sérhlaðnar rafhlöður; ein í spjaldtölvunni/iPad og ein í Speech Case (til að knýja magnarann, ytri háttalarana og rofagáttirnar). Þessar rafhlöður geta báðar verið hlaðnar í tvöfalda USB innstungu hleðslutækinu. Ef SC Tablet er ekki hlaðið eða í sambandi við rafmagn, mun SC Tablet slökkva á sér sjálfkrafa.

4.2 Hleð SC Tablet

1. Tengið rafmagnssnúruna við hleðslutengið á SC Tablet og við spennubreytinn.
2. Tengið spennubreytinn við rafmagnsinnstungu.
3. Hlaðið SC Tablet þar til rafhlaðan er fullhlaðin.
4. Eftir að SC Tablet er fullhlaðin aftengið hleðslutækið bæði úr tækinu og úr rafmagnsinnstungunni.



Þú getur **ekki** ofhlaðið rafhlöðuna. Það er í lagi að hlaða rafhlöðuna yfir nótt

Þú **getur** notað SC Tablet á meðan rafhlaðan er í hleðslu.



Vegna innri efnahvarfa getur rafhlöðunni hrakað með tímanum. Að auki, ef ekki er séð til þess að notkunarskilyrði (hleðsla, aftenging, umhverfishitastig o.fl.) séu innan sérstakra marka getur það stýtt endingartíma rafhlöðunnar eða skemmt SC Tablet tækið þitt. Ef að rafhlaðan nær ekki að halda hleðslu í langan tíma, jafnvel eftir að hafa verið hlaðin rétt, gæti þurft að skipta um rafhlöðuna.

Það gæti þurft að skipta um rafhlöðuna á 12 til 18 mánaða fresti með venjulegri notkun. Ekki reyna að skipta um rafhlöðuna sjálf. Rafhlaðan er innan í og er ekki ætlast við að notandinn eða einhver annar en Tobii Dynavox tæknimaður geri við né skipti um.

Fyrir geymslu og hleðslu hita rafhlöðunnar, sjá 2.2 *Rafmagn og rafhlöður*, síða 7.

4.2.1 Hleðsluljós (Power LED) hegðun

Hleðsluljósið (Power LED) (staða 5 í *Skýringarmynd 3.2 Hliðarsýn*) mun lýsa þegar spennubreytirinn er í sambandi og þegar rafhlaðan er í hleðslu:

- Stöðugt ljós á — hleður
- Blikkandi ljós á — rafhlöðugalli (eining gæti þurft að fara í viðgerð)
- Slökkt á ljósi — einingin er fullhlaðin

5 SC Tablet er í notkun

5.1 Veljið réttu stöðu á aðgangsaðferðarveljarianum fyrir notandann

Hvernig mun notandinn velja efni á tækinu?		
Snertiskjár	Skipta skönnun	
	iOS skönnun	Snap skönnun
• Veljið beint með snertingu eða snertiskjánnum • Veljið með Tobii Dynavox snertiaðgangsaðferðinni: Snerting, halda við og snerta út • Veldu rofana og Tobii Dynavox skönnunina	• Nálgist öll öpp og skjöl með því að skanna. • Ekki samhæft með ákveðnum Snap Core First skönnunar eiginleikum. • Stillið skönnunarmöguleikana í iOS aðgangsstillingunum. • Til að nota iOS skönnun í Snap stillið aðgangsaðferðina á snertingu í Snap.	• Best fyrir notendur sem eru óvanir skönnun. • Sérstíðið með Snap skönnunareiginleika eins og hópskönnun, heyrnartákn og dvalartíma. • Skönnun takmarkast við Snap og önnur aðgengileg forrit. Ekki er hægt að skanna hluti utan aðgengilegum forritum. • Árangursríkasta skönnunin í Snap og öðrum aðgengilegum forritum.
Stillið á “T”	Stillið á “S”	Stillið á “T”

5.2 Kveiki á tækinu

SC Tablet hefur fjórar stillingar:

- **Snertistilling** — til að nota snertingu til að leita í forritum og möppum og til að nota hvaða Tobii Dynavox aðgangsaðferð (þ.m.t. skönnun) sem er innan Tobii Dynavox forritunum.
- **iOS skönnunarstilling** — til að nota með skipta skönnunaraðgangsaðferðinni í iOS. Veldu þessa stillingu ef að þú vilt nota iOS skönnun til að leita í forritum og möppum.
- **Flutningsstilling** — slekkur á Bluetooth® útvarpinu.
- **Fastbúnaðar uppfærslustilling** — notið eingöngu ef að notandanum er sagt að uppfæra SC Tablet fastbúnaðinn.

Til að byrja SC Tablet í snerti (T) stillingu



Ef að þú hefur parað Speech Case við þennan iPad áður, sjá 5.4 Aftengið Bluetooth® tenginguna, síða 16.

Þegar aðgangsaðferðarveljarinn hefur verið færður frá af yfir á snertingu (T) mun einingin segja “Power On” og eftir örfáar sekúndur mun einn (1) smellur heyrast.

1. Passið upp á að ekkert sé tengt við rofagáttirnar á SC Tablet.
2. Passið upp á að aðgangsaðferðarveljarinn sé í T stöðunni.
3. Fylgdu leiðbeiningunum í 5.3 Setjið upp iPadinn® og parið með Bluetooth®, síða 16

Til að byrja SC Tablet í iOS skönnunar (S) stillingu



Ef að þú hefur parað Speech Case við þennan iPad áður, sjá 5.4 Aftengið Bluetooth® tenginguna, síða 16.

Þegar aðgangsaðferðarveljarinn hefur verið færður frá af yfir á skönnun (S) mun einingin segja “Power On” og eftir örfáar sekúndur mun einn (2) smellir heyrast.

1. Passið upp á að ekkert sé tengt við rofagáttirnar á SC Tablet.
2. Passið upp á að aðgangsaðferðarveljarinn sé í S stöðunni.
3. Fylgdu leiðbeiningunum í 5.3 Setjið upp iPadinn® og parið með Bluetooth®, síða 16

Til að setja SC Tablet í flutningsstillingu (slökkt þarf að vera á tækinu)



Ef að þú hefur parað Speech Case við þennan iPad áður, sjá 5.4 Aftengið Bluetooth® tenginguna, síða 16.

1. Passið upp á að ekkert sé tengt við rofagáttirnar á SC Tablet.
2. Passið upp á að aðgangsaðferðarveljarinn sé í **O** stöðunni.

Til að setja SC Tablet í fastbúnaðar uppfærslustillingu

1. Ýtið og haldið inni **hljóðstyrkur** +hnappnum og færið **aðgangsaðferðarveljarann** frá **0** á annað hvort **T** (snerting) eða **S** (skönnun) stillinguna.



SC Tablet er hannað til að vera knúið áfram í annað hvort snertingar (T) stillingu eða iOS skönnunar (S) stillingu.

5.3 Setjið upp iPadinn® og parið með Bluetooth®

1. Fylgið skrefunum í Tobii Dynavox SC Tablet byrjunarleiðbeiningunum til að setja upp iPadinn almennilega.
2. Á iPadinum þínum farðu í **Settings > Bluetooth** og virkjaðu Bluetooth®. Ekki fara af þessum skjá fyrr en þú hefur lokið við skrefin til að para SC Tablet.
3. Passið upp á að SC Tablet sé í **S** eða **T** stillingu eins og lýst er í 5.2 Kveiki á tækinu.
4. Veljið SC Tablet í tækin mín eða öðrum tækjalista í Bluetooth® valmyndinni í iPadinum. SC Tablet er nú parað og tilbúið til notkunar.



SC Tablet Bluetooth® auðkennið endar á sömu 5 síðustu tölustöfum og SC Tablet raðnúmer hultursins. Orðið „snerting“ eða „skönnun“ í Bluetooth® auðkenninu gefur til kynna núverandi stöðu tækisins. Speech Case raðnúmerið má finna á flipa innan í standinum.

5.4 Aftengið Bluetooth® tenginguna

Ef að þú hefur áður parað Speech Case við þennan iPad verðurðu fyrst að „gleyma“ SC Tablet í Bluetooth® stillingunum í tækjalistanum.

1. Farðu í **Settings > Bluetooth**.
2. Finndu SC Tablet á listanum.
3. Veldu „i“ táknið hliðin á því.
4. Veldu „**Forget this Device**“.
5. Staðfestu með því að velja „**Forget Device**“.

5.5 Staða rafhlöðu og orkusparsemi

Staða SC Tablet rafhlöðunnar er vöktuð í gegnum paraða iPadinn®. Fylgdu skrefunum að neðan til að sýna rafhlöðu búnaðinn á dagurinn í dag skjánum þínum.

Bæta við staða rafhlöðu búnað

1. Flettu til hægri yfir heima skjáinn á iPadinum þínum til að komast á dagurinn í dag skjáinn.
2. Skrunið neðst og ýtið á **Breyta**.
3. Finnið **Rafhlöður** í listanum yfir búnað og ýtið á **+** til að bæta því við dagurinn í dag skjáinn.
4. Veldu **Búið**.
Núna getur þú flett til hægri yfir heima skjáinn hvenær sem er til að komast á dagurinn í dag skjáinn og sé stöðu SC Tablet rafhlöðunnar (SC Tablet verður að vera paraður).

Búnaðurinn sýnir líka hleðslu iPadsins



Rafhlaða SC Tablet sýnir stöðuna í 10% aukningu. Þegar rafhlaðan nær 10% ætti SC Tablet að vera tengt í rafmagn, annars verður það rafmagnslaust fljótlega.

Orkusparsemisstillingin í SC Tablet er forstillt til að fullnýta keyrslutíma rafhlöðunnar. SC Tablet er hannað til að haldast kveikt á.

5.6 Stilli hljóðstyrkinn

Til að stilla hljóðstyrkinn notið hljóðstyrkstakkana (staða 1 á *Skýringarmynd 3.1 Að framan og ofan*) ofan á SC Tablet.



Hljóðstillingar er hægt að gera í Snap hugbúnaðinum eða í iOS hugbúnaðinum á iPadinum.

5.7 Stilli hljóðið

Þú getur stillt hátalarana með því að nota **iOS Settings > Music > EQ**.



SC Tablet inniheldur holu sem leyfir notkun á innri hljóðnemum iPadsins fyrir hljóðinntak. Í sumum kringumstæðum getur hulstrið valdið truflunum við hljóðinntakið. Til að fá bestu hljóðinntaksgæðin reynið að fjarlægja iPadinn tímabundið úr hulstrinu eða að nota annan ytri hljóðnema tengdan í lightning tengið á iPadinum.

5.8 Rofar

Þegar SC Tablet er í snertistillingu, munu rofarnir senda eftirfarandi fyrir Tobii Dynavox skönnun:

- Rofi 1 — Bil lykill
- Rofi 2 — Enter lykill



Þegar SC Tablet er í snertistillingu, stillið aðgangsaferðina í Tobii Dynavox forritunum á skönnun, og stillið rofa 1 á bil lykil og rofa 2 á enter lykil.

Þegar SC Tablet er í iOS skönnarstillingu, munu rofarnir sjálfkrafa senda eftirfarandi:

- Rofi 1 — Færa til næsta hluts
- Rofi 2 — Velja



Þegar SC Tablet er í iOS skönnunarstillingu og parað við iPadinn gegnum Bluetooth®, kveikist sjálfkrafa á iOS Switch Control og 2 rofar eru búnir til fyrir 2 rofa skrefa skönnun (ef engin iOS rofar eru til). Stillið aðgangsaferðina í Tobii Dynavox forritunum þínum á snertingu. Fyrir sjálfvirka skönnun breytið rofunum í iOS rofunum yfir í aðeins 1 rofa, með aðgerðinni „velja.“

Fyrir aðra rofa möguleika, sjáið iOS leiðbeiningarnar í Switch Control hlutanum eða í Tobii Dynavox forritaleiðbeiningunum.

5.9 iPad

Til að fá upplýsingar um hvernig á að nota iOS á iPad skaltu fara á::

6 Umhirða vöru

6.1 Hiti og rakastig

6.1.1 Almenn notkun - notkunar hitastig

SC Tablet geymist best í þurrum aðstæðum við stofuhita. Ráðlegt er að tækið sé ekki notað í hita eða raka sem fellur utan eftirfarandi gilda:

- Stofuhiti: 0°C til 35°C (32°F til 95°F)
- Hlutfallslegur loftraki: 10% til 90% (engin rakapétting á tækinu)

6.1.2 Flutningur og geymsla

Ráðlegt er að tækið sé ekki flutt eða geymt í hita eða raka sem fellur utan eftirfarandi gilda:

- Hiti: -30°C til 70°C (-22°F til 158°F)
- Raki: 10% til 95% @40°C (104°F)(engin rakapétting á tækinu)
- Loftþrýstingur: 70 kPa til 106 kPa (375 mmHg to 795 mmHg)



SC Tablet er hvorki vatnsheld né vatnspétt. Tækið ætti ekki að vera þar sem er mjög rakt eða blautt. Ekki setja tækið ofan í vatn eða annan vökva. Passið að ekki hellist vökvi á tækið, sérstaklega ekki á tengisvæðum.

6.1.3 Hleður

Ráðlegt er að tækið sé ekki notað í hita eða raka sem fellur utan eftirfarandi gilda:

- Hiti: 10°C til 45°C (50°F til 113°F)
- Hlutfallslegur loftraki: 5% til 90% (engin rakapétting á tækinu)

6.2 Hreinsun á SC Tablet tækinu

1. Fyrir hreinsun, slökkvið alveg á tækinu.
2. Takið tækið úr sambandi.
3. Fjarlægjið allar snúrir.
4. Þurrkaðu yfir alla ytri fleti með því að nota 70 prósent ísóprópýlalkóhólþurrku, 75 prósent etýlalkóhólþurrku eða Clorox sótthreinsunarþurrku fyrir sýkingarvörn.
5. Leyfið tækinu að þorna náttúrulega.
6. Einnig þarf að sótthreinsa alla fylgihluti á sama hátt.
7. Ef að rákóttar leifar eru eftir þrif, þússið skjáinn með mjúkum, þurrum klút.
8. Fargið öllum notuðum hreinsivörum almennilega.



Ekki nota úðavörur beint á tækið þar sem að þær geta gegnumbleytt tækið sem getur orsakað óæskilega rakamyndun inni í einingunni.

6.3 Uppstilling

Notið einungis festingar sem mælt er með af endursöluaðila á staðnum eða sölufulltrúa og passið upp á að þær séu festar og hertar samkvæmt leiðbeiningunum. Ekki leggja tækið á óstöðugt og/eða ójafnt yfirborð.

6.4 Flutningur á SC Tablet

Aftengið allar snúrir úr SC Tablet þegar haldið er á tækinu.



Ráðlagt er að passa upp á umbúðirnar sem komu með SC Tablet.

Ef skila þarf tækinu til Tobii Dynavox vegna ábyrgðartengdra vandamála eða viðgerðar, er betra að nota upphaflegar eða samskonar umbúðir til að flytja það í. Flestir flutningsaðilar krefjast að minnsta kosti 5 sm þykks lags af umbúðaeefni utan um tækið.

Athugið: Vegna reglna frá Joint Comission, þarf að farga öllu umbúðaeefni þ.m.t. kössum sem sendir eru til Tobii Dynavox.

6.5 SC Tablet tækinu fargað

Ekki farga SC Tablet tækinu með almennu heimilis- eða skrifstofusorpi. Fylgdu gildandi reglum um förgun á rafmagns- og rafeindabúnaði.

6.6 Rafhlöðunum fargað

Ekki farga rafhlöðunum með almennu heimilis- eða skrifstofusorpi. Fylgdu gildandi reglum um förgun á rafhlöðum.

Viðauki A Stuðningur, ábyrgð, þjálfunargögn

A1 Notendapjónusta

Ef þig vantar aðstoð skaltu hafa samband við fulltrúa á staðnum eða Aðstoð í Tobii Dynavox. Til þess að fá aðstoð jafn skjótt og auðið er, skaltu passa að þú hafir aðgang að SC Tablet og, ef hægt er, nettengingu. Þú þarft líka að gefa upp raðnúmer tækisins, sem þú finnur á aftan á tækinu.

Frekari upplýsingar og hjálparefni færðu á Tobii Dynavox heimasíðunni www.tobiidynavox.com.

A2 Ábyrgð

Lestu Manufacturer's Warranty paper included in the package.



Tobii Dynavox ábyrgist ekki að hugbúnaðurinn í SC Tablet muni uppfylla þín skilyrði, að virkni hugbúnaðarins verði án truflana eða gallalaust, eða að allar hugbúnaðarvillur verði lagaðar.



Tobii Dynavox ábyrgist ekki að SC Tablet muni uppfylla kröfur viðskiptavinar, að virkni SC Tablet verði án truflana, eða að SC Tablet verði laust við villur eða aðra galla. Viðskiptavinurinn gerir sér grein fyrir því að SC Tablet muni ekki virka fyrir alla einstaklinga og í öllum ljós aðstæðum.

Lestu þessar notendaleiðbeiningar vandlega áður en þú notar tækið. Ábyrgðin er aðeins í gildi ef tækið er notað í samræmi við þessar notendaleiðbeiningar. Ef SC Tablet er tekið í sundur ógildir það ábyrgðina.



Ráðlagt er að passa upp á umbúðirnar sem komu með SC Tablet.

Ef skila þarf tækinu til Tobii Dynavox vegna ábyrgðartengdra vandamála eða viðgerðar, er betra að nota upphaflegar eða samskonar umbúðir til að flytja það í. Flestir flutningsaðilar krefjast að minnsta kosti 5 sm þykks lags af umbúðaefni utan um tækið.

Athugið: Vegna reglna frá Joint Commission, þarf að farga öllu umbúðaefni þ.m.t. kössum sem sendir eru til Tobii Dynavox.

A3 Þjálfunargögn

Tobii Dynavox býður upp á fjölda af þjálfunargögnum fyrir SC Tablet vörurnar og tengda samskiptavörur. Þú getur fundið þau á www.tobiidynavox.com

Viðauki B Fylgni upplýsingar



SC Tablet er CE-merkt, sem gefur til kynna fylgni við grundvallar heilbrigðis- og öryggiskröfur sem settar eru fram í Evróputilskipunum.

B1 FCC yfirlýsing

Þetta tæki inniheldur FCC ID: 5123A-BGTWT32AE og uppfyllir Hluta 15 af reglum FCC. Notkun fellur undir eftirfarandi tvö skilyrði: (1) þetta tæki má ekki valda skaðlegum truflunum, og (2) þetta tæki verður að móttaka hverskonar truflanir, þ.m.t. truflanir sem gætu valdið óæskilegri notkun.



Breytingar sem eru ekki sérstaklega samþykktar af Tobii Dynavox gætu ógilt heimild notanda til að nota búnaðinn undir FCC reglum.

B1.1 Fyrir part 15B búnað

Þessi búnaður var prófaður og lýstur uppfylla mörk fyrir stafrænt tæki í B-flokki, í samræmi við hluta 15 af reglum FCC. Þessum mörkum er ætlað að gefa eðlilega vernd gegn skaðlegum truflunum í uppsetningu á heimili. Þessi búnaður myndar, notar og getur sent frá sér útvarpsbylgjur og, ef hann er ekki settur upp og notaður í samræmi við leiðbeiningar, getur valdið skaðlegum truflunum á útvarpsamskiptum.

Engu að síður, er engin ábyrgð tekin á að truflun komi ekki upp við tiltekna uppsetningu. Ef þessi búnaður veldur skaðlegum truflunum á útvarps- eða sjónvarpsmóttöku, sem hægt er að sjá út með því að slökkva og kveikja á búnaðinum, er notanda ráðlagt að reyna að lagfæra truflanirnar með einum eða fleiri af eftirfarandi ráðstöfunum:

- Snúa móttökulofnnetinu eða setja það á annan stað.
- Auka aðskilnað á milli búnaðarins og móttakarans.
- Tengja búnaðinn við innstungu á annarri æð en móttakarinn er tengdur við.
- Hafa samband við smásöluaðila eða reyndan útvarps/sjónvarps tæknimann og fyrir aðstoð.

B1.2 Fyrir flytjanlegan búnað

FCC RF yfirlýsing um geislun:

1. Þennan sendi má ekki samnýta eða nota í sameiningu við annað loftnet eða annan sendi.
2. Þessi búnaður uppfyllir geislunar takmörk FCC RF sett fram fyrir skefjalaust umhverfi. Þetta tæki var prófað fyrir dæmigerðar handaaðgerðir með tækið í beinni snertingu við líkamann til hliðar við tækið. Til að viðhalda fylgni við FCC RF geislunar takmörkunar fylgni, forðist beint augnsamband við loftnetið þegar það er að útvarpa.

B2 Iðnaður í Kanada yfirlýsing

Varúð

(i) Tækið til notkunar á tíðnisviði 5150-5250 MHz er eingöngu til notkunar innandyrna til að minnka hugsanlega skaðlegar truflanir í samrása farsíma gervihnattakerfi;

(ii) Hámarks mögnun loftnetsins leyfð fyrir tæki á tíðnisviðinu 5250-5350 MHz og 5470-5725 MHz skal vera þannig að búnaðurinn uppfylli enn e.i.r.o. takmörkunina;

(iii) Hámarks mögnun loftnetsins leyfð fyrir tæki á tíðnisviðinu 5725-5850 MHz skal vera þannig að búnaðurinn uppfylli enn e.i.r.p. takmörkunina, skilgreind án viðkomu og með viðkomu notkunar eins og við á; og

(iv) notendur skulu líka hafa það í huga að orkumiklum ratsjám er úthlutað sem aðalnotendum (þ.e. forgangsnotendum) á tíðnisviðunum 5250-5350 MHz og 5650-5850 MHz og að þessar ratsjár geta ollið truflunum og/eða skaða á LE-LAN tækjunum.

Avertissement

(i) les dispositifs fonctionnant dans la bande 5150-5250 MHz sont réservés uniquement pour une utilisation à l'intérieur afin de réduire les risques de brouillage préjudiciable aux systèmes de satellites mobiles utilisant les mêmes canaux;

(ii) le gain maximal d'antenne permis pour les dispositifs utilisant les bandes de 5250 à 5350 MHz et de 5470 à 5725 MHz doit être conforme à la limite de la p.i.r.e;

(iii) le gain maximal d'antenne permis (pour les dispositifs utilisant la bande de 5725 à 5850 MHz) doit être conforme à la limite de la p.i.r.e. spécifiée pour l'exploitation point à point et l'exploitation non point à point, selon le cas;

(iv) De plus, les utilisateurs devraient aussi être avisés que les utilisateurs de radars de haute puissance sont désignés utilisateurs principaux (c.-à-d., qu'ils ont la priorité) pour les bandes 5250-5350 MHz et 5650-5850 MHz et que ces radars pourraient causer du brouillage et/ou des dommages aux dispositifs LANEL.

Þetta tæki inniheldur IC ID: 5132A-BGTWT32AE og hefur verið prófað fyrir öryggisráðstafanir fyrir útvarpsbylgju geislun (SAR) í RSS-102 til almennings (skefjalaust umhverfi) takmörk (1.6W/Kg). Hæsta SAR gildi fyrir tækið er 0.3 W/kg. Þetta tæki er hægt að nota á öruggan hátt með lágmarksfjarlægð 0 cm milli búnaðarins og líkama notandans.

Þessi B-flokks stafræni tækjabúnaður uppfyllir kanadísk ICES-003.

Þetta tæki uppfyllir iðnaður í Kanada leyfisundanþágu RSS staðal. Notkun fellur undir eftirfarandi tvö skilyrði: (1) þetta tæki má ekki valda truflunum, og (2) þetta tæki verður að móttaka hverskonar truflanir, þ.m.t. truflanir sem gætu valdið óæskilegri notkun.

B3 CE yfirlýsing

Þessi búnaður uppfyllir kröfur í tengslum við rafsegulþol, nauðsynlega verndarkröfu rafsegulsviðssamhæfni (EMC) tilskipun 2014/30/EU um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulsviðssamhæfni og tilskipun um útvarpsbúnað (RED) 2014/53/EU til að mæta reglugerð um útvarpsbúnað og fjarskiptabúnað.

B4 Tilskipanir og staðlar

SC Tablet uppfyllir eftirfarandi Tilskipanir:

- Reglugerð um lækningatæki (MDR) 2017/745/EU
- Rafsegulþol (EMC) tilskipun 2014/30/EU
- Útvarpsbúnaður tilskipun (RED) 2014/53/EU
- RoHS2 tilskipun 2011/65/EU
- WEEE tilskipun 2012/19/EU
- Reach Directive 2006/121/EC, 1907/2006/EC Annex 17
- Rafhlöðu tilskipun 2013/56/EU
- EN 62368-1

Þetta tæki hefur verið prófað til að hlíta ISO 14971:2007 og EN ISO 14971:2012 og aðra tengda staðla fyrir fyrirhugaða markaði.

Viðauki C Tæknilýsingar

C1 SC Tablet

Staðlar	SC Tablet
Gerð	Tjáskiptatæki
Vera fyrirmynd	SC Tablet
Umfang (BxHxD)	273 × 196 × 52 mm 10.7 × 7.7 × 2.0 tommur
Þyngd	1,11 kg 2 lb 7 oz
Hátalarar	2 × 31 mm × 9 mm, 4.0 ohms, 5 W
Tengibúnaður	2 × 3,5 mm rofatengilsgáttir 1 × USB-C
Hnappar	1 × Hækka hljóðstyrk. 1 × Lækka hljóðstyrk. 1 × 3 Stöðuveljari
Bluetooth®	Bluetooth® 3.0
Keyrslutími rafhlöðu	~ 8 klst. venjuleg notkun
Rafhlöðutækni	Li-ion Polymer endurhlaðanleg rafhlaða
Rafhlöðurými	15,54 Wh
Hleðslutími rafhlöðu	~ 4 klst.
Rafmagn	5,0 VDC 4,8A AC spennubreytir

C2 Spennubreytir

Hlutur	Tilgreining
Vera fyrirmynd	SPAD92BC-20
Innspenna	100 til 240 VAC
Inntaksstraumur (hámark)	0.48 A
Inntakstíðni	50 til 60 Hz
Framleiðslustraumur	4.8 A
Hlutfall framleiðslurafspennu	5 VDC

Viðauki D Samþykktur aukabúnaður

Fyrir upplýsingar um nýjasta samþykktu aukabúnaðinn fyrir SC Tablet tækið, farið á www.TobiiDynavox.com eða hafið samband við Tobii Dynavox endursöluaðila á staðnum.

Viðauki E Staðbundnir vottunarsamstarfsaðilar

Skráðu fyrirtækin eru samstarfsaðilar fyrir staðbundnar vottanir okkar í sínum löndum.

Tengiliðaupplýsingar:

Istok Audio Trading
Zavodskoy proezd, 3A
Fryazino, Moscow svæði
Rússland 141195

+7 (499) 404-36-56
+7 (929) 636-82-49

SOLUCIONES EN TECNOLOGÍA ADAPTADA MEXICO S.A DE C.V
Av. Rio Mixcoac 164 Col. Acacias Del Valle Deleg
Benito Juarez. CP. 03240
Mexíkó

+1-800-344-1778

Link Assistive Pty Ltd
43 Adelaide Tce
Pasadena SA, 5042
Ástralía

+61 8 71206002

Swiss Authorized Representative

MedEnvoy Switzerland
Gotthardstrasse 28
6302 Zug
Sviss

+41 41 562 01 42

Höfundarréttur ©Tobii Dynavox AB (Publ). Ekki eru allar vörur og þjónustur fáanlegar á öllum mörkuðum. Tæknilýsingar geta breyst án fyrirvara. Öll vörumerki eru í eigu hlutaðeigandi eiganda.

Stuðningur fyrir Tobii Dynavox tækið þitt

Fáðu hjálp á netinu

Sjáðu vörusértækar stuðningssíður fyrir Tobii Dynavox tæki þitt. Hún inniheldur dagréttar upplýsingar um vandamál og ábendingar og ráð sem tengjast vörunni. Stuðningssíðurnar okkar á netinu er að finna á: www.TobiiDynavox.com/support-training

Hafðu samband við lausnaráðgjafa þinn eða endursöluaðila

Sérðu með spurningar eða vandamál varðandi vöruna, skaltu hafa samband við lausnaráðgjafa Tobii Dynavox eða heimilaðan endursöluaðila. Þeir hafa mesta þekkingu á persónulegri uppsetningu þinni og eiga þess vegna best með að hjálpa þér með ábendingum og þjálfun í notkun vörunnar. Tengiliðaupplýsingar færðu hjá: www.TobiiDynavox.com/contact